

# 238. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 13. OG  
MIÐVIKUDAGUR 14. OKTÓBER 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Lög og reglur
3. Skálholt
  - a) Rekstraráætlun Skálholts
  - b) Skipun skólaráðs Skálholtsskóla
4. Fasteignir
  - a) Breiðabólsstaður, landamerkjамál
  - b) Greinargerð ráðgjafahóps biskups um hlunnindi kirkjujarða og prestsetra, aukagreiðslur presta og annarra starfsmanna sókna og kirkju frá 15. mars 2015
5. Viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið, fundargerðir
6. Ráðning upplýsingafulltrúa
7. Kirkjuþing
  - a) 1. og 2. mál kirkjuþings
  - b) Fyrirspurnir á aukakirkjuþingi 2015
  - c) Skýrsla nefndar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í Þjóðkirkjunni
8. Fjármál
  - a) Fjárhagsáætlun sálmabókar
  - b) Fjárhagsáætlun 2016, fyrri umræðu lýkur
  - c) Ársreikningur Strandakirkju, endurskoðun Ríkisendurskoðunar
9. Önnur mál
  - a) Borg á Mýrum, umhverfisviðurkenning
  - b) Magnea Sverrisdóttir, valin í hlutverk *Chairman of Department of Mission and Development* hjá lúterska heimssambandinu

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn undir dagskrárliðum 1, 2 og 3a.

Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sat fundinn undir dagskrárlið 3a.

Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlið 7.

Sigurgeir Skúlason, verkefnisstjóri kirkjugarðaráðs, sat fundinn undir dagskrárlið 4a.

Séra Jón Helgi Þórarinsson, fulltrúi í sálmabókarnefnd, Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar, og Edda Möller, framkvæmdastjóri kirkjuhússins Skálholtsútgáfu, sátu fundinn undir dagskrárlið 8a.

Sveinbjörg Pálsdóttir skrifstofustjóri Biskupsstofu sat fundinn undir dagskrárliðum 2 og 8b.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri fjármála, sat fundinn undir dagskrárlið 8b.

Gestur Jónsson lögmaður og Pétur Kr. Hafstein fv. forseti kirkjuþings sátu fundinn undir dagskrárlið 2.

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 237. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. LÖG OG REGLUR

---

Kirkjuráð fékk Gest Jónsson lögmann og Pétur Kr. Hafstein fv. forseta kirkjuþings til að koma á fund kirkjuráðs og ræða lög og reglugerðir er varða ábyrgð og vald biskups Íslands og kirkjuráðs, m.t.t. hver beri ábyrgð á kirkjujarðasamkomulaginu og fleira.

Kirkjuráð samþykkti að fela þeim ásamt þriðja aðila að skila kirkjuráði álitinu á ofangreindu.

---

## 3. SKÁLHOLT

---

### *a. Rekstraráætlun Skálholts.*

Formaður stjórnar Skálholtsstaðar kynnti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2015 ásamt rekstraráætlun vegna ársins 2016.

*b. Skipun skólaráðs Skálholtsskóla.*

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðal- og varamenn í skólaráð Skálholtsskóla:

Aðalmenn:

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu,  
Ásdís Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands,  
Hreinn Hákonarson fangaprestur.

Varamenn:

Margrét Bóasdóttir verkefnisstjóri kirkjutónlistar.  
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor hjá Háskóla Íslands,  
Sigurður Sigursveinsson hjá Háskólafélagi Suðurlands.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

*a. Breiðabólsstaður, landamerkjumál, ágreiningur.*

Minnisblað verkefnisstjóra kirkjugarðaráðs, vegna skoðunar á landamerkjum milli Breiðabólsstaðar í Fljótshlíð og Sámsstaða þann 12. október sl. lagt fram til kynningar ásamt vinnukorti frá 10. júní sl. Ágreiningur hefur verið um landamerki milli jarðanna.

Fulltrúar kirkjuráðs, séra Gísli Gunnarsson, séra Kristján Valur Ingólfsson og Sigurgeir Skúlason funduðu með fulltrúum eigenda Sámsstaða III, Árna Sigurðssyni, Þórunni Sigurðardóttur, Árna Emilssyni og Elínu Erlingsdóttur. Á þeim fundi kom fram sá sameiginlegi skilningur að landamerkin liggi 20 föðmum fyrir austan tóftina, Beitarhúsarúst, samkvæmt landamerkjabréfum, eða rúma 33 m.

Kirkjuráð samþykkti þann sameiginlega skilning sem kom fram á ofangreindum fundi og lýsir ánægju sinni með að sátt hafi náðst í málinu.

*b. Greinargerð ráðgjafahóps biskups um hlunnindi kirkjujarða og prestsetra*

Greinargerð ráðgjafahóps biskups um hlunnindi kirkjujarða og prestsetra, aukagreiðslur presta og annarra starfsmanna sókna og kirkju frá 15. mars 2015, lögð fram til kynningar og rædd.

---

#### 5. VIÐRÆÐUNEFND UM KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ, FUNDARGERÐIR

---

Séra Gísli Gunnarsson lagði fram og kynnti fundargerðir viðræðunefndar kirkjunnar um kirkjujarðasamkomulagið.

Á kirkjuráðsfundi 7. maí 2014 skipaði kirkjuráð þá fulltrúa sem af hálfu kirkjunnar skyldu taka þátt í viðræðunefnd kirkju og ríkis um kirkjujarðasamkomulagið. Í nefndina voru skipuð sr. Gísli Gunnarsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir. Kirkjuþing 2014 ályktaði síðan af því tilefni: „Kirkjuþing 2014 fagnar skipan viðræðunefndar kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið og væntir þess að staðið verði við núgildandi samning.“

Ríkisvaldið hefur ekki skipað fulltrúa í samninganefndina. Nefnd kirkjunnar hefur haldið sex fundi til undirbúnings viðræðnanna og ákvað á síðasta fundi sínum að leggja fundargerðirnar fyrir kirkjuráð. Nefndin vill með framlagningu fundargerðanna ljúka störfum og skila umboði sínu á ný til kirkjuráðs í ljósi breyttra aðstæðna.

Kirkjuráð þakkar nefndinni störfin.

---

## 6. RÁÐNING UPPLÝSINGAFULLTRÚA

---

Lögð var fram tillaga Stefáns Magnússonar um ráðningu í starf upplýsingafulltrúa þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að biskup og framkvæmdastjóri vinni að málinu.

---

## 7. KIRKJUÞING

---

*a. 1. og 2. mál kirkjuþings.*

Kirkjuráð rýndi skýrslu kirkjuráðs og skýrslu um fjármál kirkjunnar, sem lagðar verða fyrir kirkjuþing 2015.

*b. Fyrirspurnir á aukakirkjuþingi 2015.*

Fyrirspurnir voru lagðar fyrir kirkjuráð á aukakirkjuþingi í ágúst, sem kirkjuráð mun svara á kirkjuþingi 2015.

*c. Skýrsla nefndar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í Þjóðkirkjunni.*

Skýrsla nefndar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í þjóðkirkjunni, lögð fram til kynningar. Kirkjuráð þakkar nefndarfólki góða vinnu.

*d. Samskiptastefna.*

Nefndin sem fjallar um endurskoðun á samskiptastefnu þjóðkirkjunnar óskaði eftir lengri tíma til að vinna tillögur sínar.

Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni aukinn frest til starfans.

---

## 8. FJÁRMÁL

---

*a. Fjárhagsáætlun vegna útgáfu sálmabókar.*

Fyrirhuguð er útgáfa nýrrar sálmabókar sem gert er ráð fyrir að komi út á síðbótarárinu 2017. Lögð var fram fjárhagsáætlun Sálmabókarnefndar vegna útgáfu nýrrar sálmabókar.

*b. Fjárhagsáætlun 2016. Fyrri umræða.*

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjuráðsmönnum séra Gísla Gunnarssyni og Svönu Helen Björnsdóttur ásamt verkefnisstjóra fjármála, Magnhildi Sigurbjörnsdóttur, að funda með fulltrúum sóknarnefndar Hallgrímskirkju í Reykjavík vegna umsóknar Hallgrímssóknar í Jöfnunarsjóð sókna.

Kirkjuráð samþykkti að taka ekki til umfjöllunar umsókn Stórólfsheilmannssóknar í Jöfnunarsjóð sókna á meðan málarekstur stendur yfir fyrir Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Farið var yfir fjárhagsáætlun Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs vegna ársins 2016. Kirkjuráð lauk fyrri umræðu fjárhagsáætlunar.

c. *Ársreikningur Strandakirkju, endurskoðun Ríkisendurskoðunar.*

Ársreikningur Strandakirkju, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, lagður fram til kynningar.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

a. *Borg á Mýrum.*

Borg á Mýrum hlaut umhverfisviðurkenningu Borgarbyggðar árið 2015.

Kirkjuráð óskar prófastshjónunum á Borg til hamingju með viðurkenninguna og þakkar fyrir góða umhirðu prestssetursjarðarinnar.

b. *Magnea Sverrisdóttir hefur tekið við hlutverki Chairman of Department of Mission and Development* hjá lúterska heimssambandinu.

Kirkjuráð óskar Magneu til hamingju með hlutverkið og það traust sem henni er sýnt.

Fundi var frestað kl. 15:25 og honum framhaldið miðvikudaginn 14. október kl. 8:00.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið 14. október kl. 17:15.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 17. nóvember nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.